

Viðtal við Guðbjörgu, nýjan starfsmann okkar:

Hvaða menntunar hefur þú aflað þér?

Ég varð stúdent af félagsfræði- og sálfræðibraut frá FVA (Fjölbrautarskóli Vesturlands, Akranesi) vorið 1995 og útskrifaðist sem iðjuþjálfari frá HA (Háskólinn á Akureyri) vorið 2003.

Við hvað hefur þú fengist um ævina?

Ég hef unnið m.a. í sveit, búð, sambylí, aðstoðarmaður iðjuþjálfara og iðjuþjálfari.

Hvaða væntingar hefur þú til starfsins?

Að þetta sé þroskandi og gefandi starf.



Heimsóknir til félaga

Félagar eru hvattir til að biðja um heimsóknir, leggist þeir inn á deild, eða eru heima og þungir á sálinni.

Félagar munið að skrá ykkur í hádegismat fyrir klukkan 10.00

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 09.00 - 16.00,
nema föstudaga er lokað kl. 15.00.
Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er opið til kl. 21.00

Fram undan í janúar

Fimmtudagurinn 6. janúar

Opið hús. Borðum saman kvöldmat klukkan 18:00 og síðan verður farið á Þrettándagleði.



Laugardagur 8. janúar

Ganga í kringum Tjörnina í Reykjavík. Hittumst klukkan 13:00 í Skipholti 29.



Fimmtudaginn 14. janúar

Kl. 13:30 ætlum við í klúbbnum að fara saman á útsölu.



Þriðjudaginn 18. janúar

Áhugafólk um handavinnu kemur saman á milli klukkan 16:00 og 19:00.



Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum féлага til að mæta á þessa fundi.

Húsfundir!

Húsfundir eru nú á breyttum tímum. Mánudaga kl. 09:00 og miðvikudaga kl. 14:30. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framsferi eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.
Allir að mæta!!!

1. tölublað, janúar 2005

Litli Hver

Klúbburinn Geysir óskar þér
gledilegs nýs árs



Jólaveisla Klúbbsins Geysis var haldin 2. desember síðastliðinn. Í hana mættu u.þ.b. 140 manns og var veislustjóri Þorsteinn Ásbjörnsson. Tekið var á móti gestum með harmonikkuleik sem Þórður Marteinnsson sá um. Fyrir borðhald var léttur samsöngur þar sem allir tóku undir. Undir borðum söng Peter Trivisano og

auki þess sem Daði Kjartansson lék á gítar. Var gerður góður rómur að matnum enda var hann frábær. Undir stjórn Þorsteins Ásbjörnssonar var síðan dregið í happdrætti og meðal vinninga var m.a. málsverður á Pítunni, snyrtivörur og handsnyrting. Var almenn ánægja með þessa jólaveislu.



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is

Heimsókn frá Ameríku



Þann 2. desember fengum við góðan gest í heimsókn. Félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, undirritaði samstarfs-samning við Klúbbinn Geysi um að félagar í klúbbnum komi til starfa í félagsmálaráðuneyti á árinu 2005. Um er að ræða að hámarki hálfstötugildi sem ráðgert er að nýta þannig að tveir félagar í Geysi komi til starfa í ráðuneytinu, hvor í sex mánuði í senn, sem varir fyrri og síðari helming ársins 2005. Við í Klúbbnum Geysi getum verið afar stolt af því að fá þetta starf. Nú eru RTR-störfin orðin fimm talsins, en til að fá úttekt ICCD þurfa RTR-störf að vera 25% af þeim fjölda sem mæta daglega í klúbbinn. Undanfarna mánuði hefur fjöldi félaga sem mæta verið 25-29 manns á dag.

Eins og sjá má á ljósmyndinni hér að ofan komu góðir gestir frá Ameríku til Klúbbsins Geysis. Þeir Peter Travisano og Peter Foulkes voru hér á ferð í eftirfylgni (post site visit). Það var gert í því skyni að fylgja eftir framkvæmdaáætlun ICCD, sem samin hafði verið í Genesis-klúbbnum fyrir nokkrum misserum. Fór heimsóknin vel fram í alla staði og voru þeir félagar, Peter og Peter, hæstánægðir með það hvernig mál voru í pottinn búin.

Má þar nefna hvernig klúbburinn var stofnaður hér á landi 1999 af sjúklingum, aðstandendum og fagfólki. Það þótti þeim vera hin rétta aðferð. Einnig kom fram að Geysir hefur þróað nýja aðferð við mót-töku nýrra félaga. Það felur í sér að félagar og starfsfólk vinna alltaf saman, fyllt er út skráningarblað og kynningar eru á á-kveðnum dögum. Mælt var með að hver vinnudeild héldi áfram að hringja í sína féлага. Rætt var um að samskiptin í klúbbnum væru einstaklega frábær en mælt var með því að stofna hóp sem gæti tekið á ágreiningsmálum sem upp geta komið. Vinnumiðaður dagur þótti ágætur en gott væri að styrkja hverja deild fyrir sig með því að hafa sérstaka vinnufundi einu sinni í viku og fara yfir markmiðs-setningar. Við stöndum frammi fyrir því að ná upp betri virkni eftir hádegið. Klúbburinn hefur staðið sig stórkostlega í því að útvega góð RTR störf. Peter og Peter mæltu með því að minnska kosti tveir starfsmenn væru á bakvið hvert RTR-starf og gott vært að hafa samband við vinnustaðinn að minnsta kosti einu sinni í viku. Þeir benda einnig á að gera skýrslur um þá sem eru í vinnu með stuðningi og einnig í sjálfstæðri ráðningu. Okkar markmið eftir heimsókn þeirra er að fara í úttekt vorið 2005.

Ljóð eftir Peter Foulkes

The food I'm eating
tastes the same as
what we've got
in America.

The bed I sleep in
feels the same as
what we've got
in America.

But the hearts I touch
warm me like
nothing we've got
in America.

Fréttir af húsfundum í desember

29. nóvember. Rætt var um verkefni vikunnar, s.s. að Peter og Peter komi á þriðjudag, einnig var rætt um jólahlaðborð, dagskrá, sönglög og fleira. 6. des. Rætt var um að gestabókin væri í raun gestabók fyrir gesti. Það þarf að hafa mætingabók, viðveruskrá og að félagar merki við í hvaða deild þeir vinni. Enn fremur var rætt um hvort fjölga ætti fundum í þrjá á viku, mánudag, miðvikudag og föstudag. 8. des. Þórunn Ósk sagði frá bættri stöðu eldhússjóðs eftir jólaveislu. Samt sem áður var rætt um að hækka verð á máltíð upp í 300 krónur, frá og með janúar á næsta ári. Niðurstaða fundarins var sú að sjá ætti til hvort sjóðurinn myndi jafna sig í janúar, þar sem sjóðurinn stóð vel fyrri hluta ársins. 15. des. Unnið er að könnun um menntun og atvinnuþátttöku. Byrjað er á því, að huga að nýrri viðveruskrá. Rætt var um að það vanti innkaupastjóra í sjoppuna. 20. des. Benni í fríi í tvær vikur 21. des. var tekið á móti styrk frá Austurbakka. 22. des. Fundur var felldur niður, vegna litlu jólanna. 27. des. Verkefni vikunnar rædd, viðtöl vegna RTR á miðvikudag. Benni er í frí þessa viku. 29. des. Húsfundur var felldur niður þennan dag.

Smælki

Fram undan er spennadi ár í lífi og starfi klúbbsins. Ljóst er að stór skref voru tekin á s.l. ári í þá veru að fá alþjóðlega viðurkenningu á klúbbnum. Sú viðurkenning viðist nú vera innan seilingar. Að lokum má segja það, að klúbburinn stendur vel að öllu leyti hvað starfsemi hans varðar.

Við þökkum Kristínu Björgu fyrir vel unnin störf og óskum henni velfarnaðar í lífinu.

Gosið er komið út.

Nú hefur Gosið, fréttablað okkar komið út. Eins og félagar vita, er Gosið ekki lengur sent út til félaga. Þess vegna hvetjum við alla til að koma og sækja sér sitt eintak af Gosinu.

Fyrirlestur í klúbbnum.

Jóna Ingibjörg, hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi, hélt fyrirlestur um "Samspil geðheilsu, náinna tengsla og kynlífs" þann 7. des. síðastliðinn. Góð mæting var á fyrirlesturinn og margt fræðandi kom fram. Rætt var um kynverund, hvað ræður kynhegðun fólks, viðbrögð líkamans við kynmökum, mikilvægi kynlífs og geðheilsu, nánd og margt fleira. Eftir hlé var skemmtileg hópavinna og þar voru ræddar áhugaverðar spurningar um áhrif geðsjúkdóma á kynlíf, áhrif náinna tengsla meðal samstarfsmanna og fleira sem fólki lá á hjarta.

Jóna Ingibjörg lét okkur hafa skyggnur og þær liggja í klúbbnum, ef fólk hefur áhuga á að lesa þær. Hægt er að nálgast fræðslu frá henni á

<http://www.jonaingibjorg.is>.



Kynningar fyrir nýja félaga eru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10.00 til 12.00